

Greinargerð um Skólatöskudaga 2007

Skólatöskudagar Iðjubjálfafélags Ísland (IPÍ) voru haldnir á landsvísu annað árið í röð dagana 24. til 28. september 2007. Skólatöskudaganefnd 2007 skipuðu: Anna Dís Guðbergisdóttir, Hólmús Freyja Methúsalemsdóttir, Oddný Hróbjartsdóttir og Sigríður Guðmundsdóttir

Þátttaka iðjubjálfa og iðjubjálfanema var mjög góð og gögnum var skilað frá langflestum skólum að Skólatöskudögum loknum. Þátttakendur á höfuðborgarsvæðinu og Eyjafjarðarsvæðinu nálguðust gögn varðandi Skólatöskudagana til nefndar en gögnin voru póstsend á aðra staði.

Sendar voru fréttatilkynningar til helstu fjölmiðla, undirtektir voru ekki miklar en eitt viðtal birtist í Fréttablaðinu. Að auki hafði Blaðið samband í ágúst og birti stuttan pistil um dagana.

Unnið var í góðu samstarfi við Pennann-Eymundson og styrktu þeir IPÍ um helming prentkostnaðar (plaköt, vigtunarblöð og bækling) auk þess sem þeir gáfu endurskinsmerki (blikkljós) sem afhent voru nemendum. Öll gögn voru prentuð í prentsmiðjunni Think í Faxafeni.

Fundur var haldinn með formanni IPÍ og fulltrúa frá Lýðheilsustöð þar sem markmið Skólatöskudaga voru rædd sem og hvernig Lýðheilsustöð gæti komið að verkefninu. Fulltrúi Lýðheilsustöðvar bað síðar um verkefnauppkast fyrir aðgerðaráætlun Lýðheilsustöðvar 2008. Þær upplýsingar hafa verið sendar og er nú beðið eftir viðbrögðum frá Lýðheilsustöð.

Þátttaka í skólatöskudögum 2007

Fjöldi iðjubjálfa/nema sem skráðu sig til þátttöku: 52

(eitthvað var um að nemar úr HA færu með iðjubjálfum án þess að skrá sig sérstaklega til leiks)

Gögnum sem var skilað:

Fjöldi skóla: 38

Fjöldi bekkja: 118

Fjöldi nemanda: 1851

(Gögnin voru sett inn í eitt exelskjál sem sent var til Kristjönu Fenger lektors við HA. Þar verður haldið utan um gögnin og nánar unnið úr þeim við tækifæri)

Prentun gagna (magn)

- **4000 bókamerki**
- **4000 eyðublöð til nemenda (1000 A4 blöð skorin í fernt)**
- **4000 bæklingar í þrúbroti**
- **100 veggspjöld í A3 stærð**

(Ekki er mikið af gögnum eftir hjá nefnd. Eitthvað af eyðublöðum til nemenda og bókamerkjum. Afgangur verður geymdur á SIGL skrifstofu. Eitthvað ætti því að vera eftir af gögnum hjá iðjuþjálfum sem tóku þátt miðað við þær tölur sem nefndin hefur. Það er því um að gera að biðja iðjuþjálfna um að taka tillit til þess sem þeir eiga þegar þeir gefa upp fjölda nemenda á næstu skólatöskudögum).

Verkefni fyrir skólatöskudaga 2008

1. Setja “footnote” á vigtunarbleðlana um hvað skólatöskurnar mega vera þungar (þ.e. “Skólataskan má ekki veða meira en 10-15% af líkamsþyngd barnsins”).
2. Fá grafískan hönnuð til þess að teikna álfinn upp á nýtt, í einfaldari og betri upplausn svo hægt sé að búa til “litablöð” (sjá neðar) og auðveldara sé að senda hann í prentsmiðjuna.
3. Búa til “litablöð” (sbr. er gert hjá AOTA-fundum upplýsingar á heimasíðu AOTA) sem hægt verður að prenta út og afhenda amk yngstu börnunum svo þau hafi eitthvað að gera á meðan verið er að vigta bekkinn! Á litablöðunum gæti álfurinn verið og svo eitthvað skemmtilegt íslenskt umhverfi. Einnig gæti logo-ið verið (“Réttu leiðin er rétta leiðin”).

4. Spurning hvort hægt sé að fara í samstarf við heilsugæslu eða Lýðheilsustöð og búa til (endurvekja?) bækling sem hægt er að dreifa í leikskólana um rétta notkun skólatöskunnar.
5. Minna þátttakendur á að mjög gott er að fara með fartölvu í skólana og skrá **beint inn í exelskjál** upplýsingar um þyngd barns og skólatösku og þá kemur hlutfallið á milli barns og skólatösku sjálfkrafa inn í.
6. Ítreka mikilvægi þess að nefndin viti nemendafjöldann sem hver og einn ætlar að heimsækja; skiptir máli upp á fjölda gagna.
7. Mikilvægt að fram komi í kynningarbréfi hvað felst í því að taka þátt í Skólatöskudögum
 - a. Senda nefnd upplýsingar s.s. fjölda skóla, bekkja, nemanda, iðjuþjálfra (mjög mikilvægt) og heimilisfang (hvert á að senda gögnin).
 - b. Sækja gögn og undirbúa skóla fyrir heimsóknina (hafa samband við skólastjórnendur/kennara).
 - c. Fræðsla til nemenda
 - d. Taka saman gögn
 - e. Skila gögnum til nefndar